

Endurskoðunarnefnd Strætó bs.

Reykjavík, 18. mars 2026

Með bréfi dags. 26. janúar 2026 óskaði endurskoðunarnefnd eftir því að við sem ytri endurskoðendur Strætó bs. myndi leggja fram skýringar á hvernig verkefni sem stjórn félagsins óskaði eftir aðkomu okkar að falli að þeim óhæðisreglum sem við störfum eftir.

Fyrir liggur að félagið Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ofh. muni koma til með taka yfir þann hluta starfsemi Strætó sem snýr að yfirstjórn og rekstri almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Félagið mun verða 70% í eigu þeirra 6 sveitarfélaga sem nú er aðilar að Strætó bs. og 30% í eigu ríkisins.

Stýrihópur á vettvangi eiganda hefur nú starfað að undirbúningi yfirfærslunnar um nokkurt skeið. Stýrihópnum er mikið í mun að lágmarka áhættu á því hægt verði að líta á aðkomu ríkisins að þessum rekstri sem ólögmeta ríkisaðstoð. Viðskiptin skulu gerð á armslengdarsgrundvelli, þ.e. hið nýja félag yfirtekur eignir á markaðsverði. Þær eignir sem um ræðir eru helst hugbúnaðarkerfi sem Strætó hefur innleitt. Engar efnislegar eignir verða fluttar yfir til hins nýja félags nema að óverulegu leyti. Engin viðskipti á markaði eru um þessar eignir og þurfa aðilar því að koma sér saman um aðferðafræði við mat á þeim.

Stjórnir félaganna óskuðu eftir því að ytri endurskoðendur beggja félaga, annars vegar Grant Thornton fyrir hönd Strætó bs og hins vegar KPMG fyrir hönd Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ofh., hefðu beina aðkomu að viðræðum um aðferðafræði við mat á þessum eignum. Tilgangur þess væri að tryggja faglega nálgun við verkefnið og að aðferðafræði standist skoðun.

Eftir okkar yfirferð er það mat okkar það ógni ekki óhæði okkar sem ytri endurskoðenda Strætó bs. að taka verkið að okkur. Grant Thornton mun ekki koma að neinni formlegri ákvörðun um verð sem notað verði við yfirfærsluna eða leggja fram ráðgjöf eða tillögur í þeim efnun. Aðkoma Grant Thornton mun takmarkast við aðstoð við gerð líkans sem notað verður við matið. Endanleg ákvörðun um verð verður ákveðin af stjórnendum eða á eigandavettvangi. Til að gæta fyllstu varúðarráðstafana munu sérfræðingar sem ekki eru hluti af endurskoðunarteymi Strætó bs. koma til með annast verkið fyrir okkar hönd, þeir Sturla Jónsson, lögg.endsk og eigandi og Hilmar Kristinsson, verðmatssérfræðingur.

Að endingu er beðist velvirðingar á hversu langan tíma hefur tekist að svara erindi nefndarinnar.

Bjarni Már Jóhannesson

f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf

Bjarni Már Jóhannesson